

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina	
Starfsheiti	Skósmiður	Löggilt iðngrein
Dagsetning	13. apríl 2022	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalýsing:

Skósmiður vinnur að skósmíði allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru. Skósmiður gengur frá fullbúnu skópari og annast viðgerðir og viðhald á skófatnaði og leðurvörum. Skósmiður starfar á verkstæði tengdu verslun og sinnir þjónustu og ráðgjöf við viðskiptavinum. Gætir að góðri umgengni og öryggi við notkun handverkfæra, véla og efna. Skósmiður gætir að meðferð og losun óvistvænna efna og starfar í samræmi við almennar siðareglur.

Hæfnikröfur:

Hefur umfangsmikla þekkingu á tækjum og efnum sem tengjast skósmíði.

Gerir við skó, endurnýjar slitna fleti og annast frágang á skófatnaði. Setur upp hæl á karlmannskóm, sólar og setur hælplötur á kvenskó, festir hæla, setur bót við sóla og hæl og ylfjöður í skó með botnstykki. Skiptir um fóðursóla og saumar lausa rönd og rennilás á skó.

Vinnur eftir teikningum og beitir viðeigandi vinnuáðferð hverju sinni. Notar áhöld, tæki og efni af öryggi.

Pinnar inn yfirleður á leista og gengur frá fullbúnu skópari

þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisvarnir, m.a. í umgengni við áhöld, vélar og efni og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu og notkun á viðeigandi hlífðarfatnaði.

Tileinkar sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna, þekkir áhrif þeirra á umhverfið og fylgir vistvænum aðferðum við meðferð og losun þeirra.

Fer eftir siðareglum og sýnir virðingu gangvart faginu, handbragði og nýtingu efna.

Er í góðum samskiptum við birgja, samstarfsaðila og viðskiptavinum.

Leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð og sýnir þjónustulund þegar hann sinnir viðskiptavinum af lipurð og háttvísi. Hann er meðvitaður um aðstöðu og aðkomu á verkstæði fyrir viðskiptavinum.

Tjáir sig um fagleg málefni á íslensku og erlendum tungumálum